

FRÍHÖFNIN TÍMARIT

VICTORIA'S SECRET



VICTORIA'S SECRET Í FRÍHÖFNINNI

SIF COSMETICS

-MEST SELDU SNYRTIVÖRURNAR Í FRÍHÖFNINNI 2011

VIÐTAL VIÐ HÖNNUÐ MÝR DESIGN

BESTI HEFÐBUNDNI LAGER BJÓRINN

SATAY KJÚKLINGUR

FRÁ SÓLVEIGU EIRÍKSDÓTTUR

MARS 2012



MEGA VOLUME MEGA BLACK 24HR HOLD



MEGA VOLUME
COLLAGENE
NEW

**THE 1ST MASCARA WITH A MEGA
CONCENTRATION OF COLLAGEN**

- PLUMPED UP LASHES,
OUTRAGEOUS VOLUME.
- EXTRA LARGE PATENTED BRUSH.
- BLACK BOOSTER PIGMENTS.
- 24 HR HOLD

Because you're worth it.

L'ORÉAL
PARIS

**"LUSCIOUSLY PLUMPED LASHES
...FOR MY MOST VOLUPTUOUS LOOK!"**
Claudia Schiffer.



DUO MEGA VOLUME COLLAGENE 24H

+ FREE CONTOUR KHÔL

Use the duo of Mega Volume Collagene 24h for intense volumized lashes. The collagen complex captures water for inflating volume and leaves ultra charging lashes during 24h. Its phenomenal brush disperses Twin Black Boosters pigments on your lashes for an overloaded extra-black result!

A new star in born the N1 L'Oréal Paris mascara franchise!

Complete your trendy look with a **FREE** black contour khôl.

XX,XX -, ISK

Because you're worth it.

L'ORÉAL
PARIS



FORSTJÓRI ÖLGERÐARINNAR

VELKOMIN

Fríhöfnin ehf. rekur **sex verslanir** í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, fjórar fyrir brottfararfarþega, eina ætlaða skiptifarþegum frá löndum utan Schengen-svæðis og þá sjöttu fyrir komufarþega á 1. hæð. Helstu vöruflokkar Fríhafnarinnar eru áfengi, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, leikföng og tiskufatnaður.

Brottfararverslun sem er björt og glæsileg býður upp á gott vöruúrval fyrir ferðamenn á öllum aldri. Þar fást helstu alþjóðleg vörumerki sem eru þekkt og vinsæl um allan heim. Einnig hefur það færst í aukana að bjóða íslenskar vörur til sölu.

Í **Dutyfree Fashion** má finna þekkt vörumerki fyrir konur og karla á borð við Boss, Lloyd og Burberry. Þess má geta að Dutyfree Fashion er eina verslunin á Íslandi sem hefur á boðstólum fatnað frá Burberry. Íslensk hönnun er í forgrunni eftir endurbætur í sumar og fá íslensku merkin nú að njóta sín enn betur en áður.

Ný vörumerki hafa bæst við, þannig að nú ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Íslensku vörumerkin eru Farmers Market, KronKron, Spiral, Ella, Rey-Collection, Gyðja og Mýr.



Ferðamenn sem hafa áhuga á að kanna og upplifa hið stórbrotna land sem Ísland er ættu ekki að láta Iceland Dutyfree fram hjá sér fara sem staðsett er í suðurhluta flugstöðvarinnar. Verslunin er eingöngu með íslenskar vörur; snyrtivörur, áfengi, sælgæti og skrautlega fylgihluti. Verslunin er skemmtilega skreytt myndum af íslensku landslagi.



Last minute shopping byggist á því að bjóða viðskiptavinum það allra helsta, ef eitthvað hefur gleymst í aðal brottfararversluninni. Allra vinsælustu vörurnar sem eru á topp 10 sölulista eru fánlegar í þessari verslun.

Dutyfree utan Schengen er verslun fyrir farþega sem ferðast til landa utan Schengen-svæðis. Verslunin er hlýleg og er skreytt íslenskum landslagsmyndum. Boðið er upp á alþjóðleg vörumerki í áfengi, tóbaki, snyrtivörum og sælgæti. Einnig er skemmtilegt úrval af íslenskum vörum sem falla vel í kramið hjá erlendum ferðamönnum.

Komuverslun býður farþegum upp á frábæra þjónustu í rúmgóðri og bjartri verslun þar sem þeir geta notið þess að kaupa tollfrjálsan varning við komuna til landsins. Komuverslun er til

þess ætluð að spara óþarfa vesen hjá ferðamönnum, að bera innkaupapoka frá öðrum löndum með sér í flug. Ferðamenn geta notið ferðalagsins betur með því að kaupa inn þegar þeir eru lentir á Keflavíkurflugvelli á meðan þeir bíða eftir farangri sínum.

Fríhöfnin opnaði þann 29. febrúar fyrstu **Victoria's Secret** verslunina á Íslandi í brottfararverslun Fríhafnarinnar. Victoria's Secret er Íslendingum að góðu kunn en fyrirtækið er leiðandi í smásölu á snyrtivörum og undirfatnaði fyrir konur. Viðskiptavinum býðst mikið úrval af vinsælustu vörunum í Victoria's Secret Beauty vörulínunni, þar á meðal verða hin þekktu Bombshell og VS Angel ilmvötn, sem slegið hafa í gegn víða um heim. Þar verður einnig sérstakt úrval af leðurvörum, töskum, nærbuxum, bolum og öðrum hátísku fylgihlutum frá Victoria's Secret.

Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær

Kæri lesandi

Árið 2012 er svo til nýhafið og að mörgu þarf að huga. Ótrúlegur fjöldi fólks byrjaði í ræktinni í janúarmánuði eftir hlé, að minnsta kosti allan desember mánuð, ef ekki lengur. Það er nú einu sinni þannig að þegar tímamót verða í lífi okkar þá lítum við yfir farinn veg og skoðum hvað við hefðum mátt gera betur. Áramót eru dæmi um slík tímamót. Við gerum árið upp og komumst að því að eflaust hefðum við mátt gera ýmislegt á annan hátt. Við lofum sjálfum okkur og jafnvel öðrum bót og betrun og ætlum okkur oft stóra hluti, jafnvel að skara fram úr á ákveðnum sviðum. Við horfum full aðdáunar á þá sem ná árangri því þeir eru mörgum okkar mikill innblástur til þess að gera betur. Margir hafa náð umtalsverðum árangri á undanförunum mánuðum. Tónlistarmaðurinn Mugison er einn þeirra og leikstjórinn Baltasar, með mynd sína Contraband, hefur heldur betur náð árangri og veitt öðrum í greininni innblástur. Snýrtivöruframleiðendur á borð við Sif Cosmetics slá nú í gegn á erlendri grundu og hið gamla Gull Egils varð heimsmeistari á árinu 2011. Við sem störfum á alþjóðlegum flugvelli, sem nýverið var valinn besti flugvöllur í Evrópu, og bjóðum sýningarglugga

fyrir íslenska framleiðendur og hönnuði sem er engum líkur, fylgjumst agndofa með góðu gengi samlanda okkar og gleðjumst í sérhvert sinn sem þeir ná árangri, enda eru þetta „framleiðendurnir okkar“ og „hönnuðirnir okkar“... já, og við megum ekki gleyma þeim sem koma hér í gegn hjá okkur, „stelpunum okkar“ og „strákunum okkar“... allt þetta afreksfólk verður okkar þegar vel gengur, þannig er nú þjóðarsálin, ekki satt?.

Nýjar vörur

Það er einmitt í þjóðarsálinni að hrífast af nýjungum og það er af mörgu að taka þegar kemur að nýjum vörum í Fríhöfninni, enda markmið okkar að vera stöðugt á tánum. Fríhöfnin hóf nýverið sölu á nýrri og skemmtilegri útgáfu af Brennivíni í samstarfi við Ölgerðina sem hentar einkar vel til gjafa fyrir vini og ættingja erlendis. Brennivínið, ásamt tveimur staupum er sett fram í bókarformi og nefnist fyrsta bókin „Iceland Survival Handbook“, original strength edition. Upplagið á hverri bók verður takmarkað og því má segja að um áhugaverðan safngrip sé að ræða. Þarna er á ferðinni nýsköpun og samstarfsverkefni á milli Fríhafnarinnar og íslenskra framleiðenda sem farþegar munu án efa sjá mun meira af í framtíðinni.

Íslendingar bera minna með sér til landsins

Bed Head eru hárvörur sem hafa vakið verðskuldaða athygli og hafa hingað til eingöngu verið seldar á hárgreiðslustofum. Þetta eru ekki einungis góðar vörur á frábæru verði



heldur eru umbúðirnar jafn áhugaverðar og innihaldið er gott. Fríhöfnin hóf að selja Bed head vörur í janúar á þessu ári og hafa starfsmenn fengið viðeigandi þjálfun í notkun á vörunum. Óhætt er að segja að ferðamenn hafi tekið þessari nýjung betur en nokkur þorði að vona. Það góða við að varan sé komin í Fríhöfnina er að salan færist inn í landið, en Íslendingar hafa verið mjög duglegir í innflutningi á Bed Head frá Ameríku. Þetta þýðir að markaðurinn á Íslandi stækkar. Sá sem kaupir sér sjampó í Fríhöfninni og er ánægður með það, kaupir viðbót á innanlandsmarkaði. Þannig teljum við að þetta sé öllum til hagsbóta. Enn það eru ekki einungis nýjar vörur sem við erum spennt fyrir. Við viljum líka bjóða vinsælustu vörunar hverju sinni.

Bestu ilmir síðustu 20 ára

Fyrir 20 árum síðan setti Escada fyrsta sumarilm sinn á markað. Á hverju ári kemur nýr ilmur frá fyrirtækinu og hafa þeir ávallt notið mikilla vinsælda meðal ferðalanga í flugstöðinni. Í ár koma þrír mest seldu ilmirnir á þessu 20 ára tímabili, Sexy Graffiti, Island Kiss og Rockin Rio. Við erum full tilhlökkunar að sjá þá ilmi sem hafa skarað fram úr á þessum tveimur áratugum aftur í hillum Fríhafnarinnar. En það eru ekki eingöngu nýjar og vinsælar vörur sem við getum státað okkur af, því við höfum verið iðin við kolann ef svo má segja. Nýja verslun var verið að opna innan Fríhafnarinnar, verslun sem flestir þekkja.

Victoria's Secret

Á hlaupársdegi, 29. febrúar 2012 var opnuð í Fríhöfninni fyrsta Victoria's Secret verslunin á Íslandi og við verðum því þriðji flugvöllurinn í Evrópu sem getur státað af verslun af þessu tagi. Ferlið hefur verið langt og strangt, en eins og allir vita þá kostar oft blóð, svita og tár að ná árangri. Við sem erum svo lánsöm að starfa í Fríhöfninni teljum okkur hafa náð miklum árangri með því að sannfæra stjórnendur Limited Brands um að opna þessa verslun á flugvöllinum, enda hafa margir reynt í áranna rás að fá verslun sem þessa

til landsins. Við erum afar stolt af árangrinum og vonum að þessi nýja verslun leggist vel í þá ferðamenn sem leið eiga um flugvöllinn, enda er vöruúrvalið mjög fjölbreytt. Þarna má finna allar bestu snyrtivörurnar frá þeim, snyrtiveski, seðlaveski, buddur, nærbuxur, toppa, boli, töskur og aðra fylgihluti, svo eitthvað sé nefnt. Af nægu er að taka, og viðskiptavinum Fríhafnarinnar, sem alltaf hefur þótt skemmtilegt og hagstætt að versla hjá okkur, býðst nú enn meira úrval en nokkru sinni fyrr.

Páskarnir

Páskarnir eru framundan og margir hyggja á ferðalög til framandi landa. Skíðaferðir og sólarlandaferðir virðast þó heilla landann mest um þessar mundir, enda hefur veðurfarið hér að undanförunni verið frekar leiðinlegt, svo ekki sé meira sagt. Þeir sem mikið eru á faraldsfæti og þekkja orðið vöruframboð Fríhafnarinnar, vita að íslensku páskaegginn vinsælu bíða eftir þeim í brottfararversluninni, egg til að njóta í fríinu, nú eða til að gefa vinum og ættingjum erlendis. Eins verður páskabjórinn á sínum stað, það besta frá hverjum framleiðanda, sem og ýmsar aðrar spennandi nýjungar sem tengjast páskunum.

Stærsti sýningargluggi landsins

Það er óhætt að segja að Fríhöfnin og flugstöðin í heild sinni sé einn stærsti sýningargluggi landsins. Hingað koma mörg hundruð þúsund manns sem fara aldrei inn í landið. Því skiptir það okkur í Fríhöfninni og þjóðfélagið í heild sinni miklu máli að íslenskri framleiðslu og íslenskri hönnun sé gert hátt undir höfði. Við höfum lagt okkar af mörkum í þeim efnum svo ekki sé meira sagt, en við getum alltaf gert betur. Sumartískan í Dutyfree Fashion er mjög áhugaverð í ár. Framleiðendur hinna sígildu erlendu merkja eru samir við sig og bjóða fatnað sem erfitt er að líta framhjá. Íslensku hönnuðirnir láta sitt ekki eftir liggja og vor- og sumarlínan frá þeim er þannig að allar konur geta auðveldlega fallið fyrir því sem þeir bjóða. Litirnir og sniðin eru hreint út sagt framúrskarandi. Ljóst er að íslenskir fatahönnuðir eru að ná miklum árangri í sýningarglugga

flugstöðvarinnar, Dutyfree Fashion, því salan eykst stöðugt á milli mánaða og nýir markaðir erlendis hafa opnast fyrir þá hönnuði sem hér eru. Ekki er langt síðan að hönnun ELLU og nýja lína Victoriu Beckham var borin saman í fjölmiðlum og þóttu fót tískudrottningarinnar „of lík“ hönnun ELLU. Því er ljóst að það eru ekki einungis við sem verðum fyrir áhrifum af frábærri íslenskri hönnun. En margt er framundan á sviði íslenskrar hönnunar innan flugstöðvarinnar og munu nýir hönnuðir láta að sér kveða hjá okkur í vor og sumar. Við megum vera afar stolt af íslenskri fatahönnun, enda eru þetta hönnuðirnir okkar.

Við vitum að til þess að ná árangri þurfum við að leggja okkur fram, og það gerum við svo sannarlega hér í Fríhöfninni. Við erum stöðugt að meta þá stöðu sem við erum í og leita leiða til að gera betur. Í janúar á þessu ári fórum við meðal annars af stað með sér skóla fyrir starfsfólkið okkar, Fríhafnarskólann. Þar höfum við fengið til liðs við okkur nokkra af færustu sérfræðingum landsins til þess að vinna með okkur að því að gera Fríhöfnina að enn betri vinnustað, sem vonandi skilar sér í enn betri þjónustu til viðskiptavina okkar. Við erum sannfærð um það að lykillinn að því að ná árangri er að taka ákveðna áhættu og þora, þegar aðrir gera það ekki... það vita allir að

**„sveltur sitjandi kráka
en fljúgandi fær“**

VIÐ HEFJUM OKKUR TIL
FLUGS Á ÞVÍ GÓÐA ÁRI,
2012!





CLARINS EXTRA FIRMING DAG- & NÆTURKREM

Vísindaleg bylting - Clarins umbreytir yfirbragði húðarinnar, gerir hana stinnari og þéttari.

Fyrir konur 40 ára og eldri sem vilja krem sem vinnur gegn öldrun, stinnir og kemur í veg fyrir hrukkur og að húðin missi teygjanleika sinn.

ESTÉE LAUDER REVITALIZING SUPREME

Nýtt krem frá Estée Lauder með þarfir evrópskra kvenna í huga.

Kremið endurvekur náttúrulega hæfni húðarinnar til að líta unglega út. Kremið vinnur á öllum þörfum húðarinnar. Það framkallar ljóma, þéttir og styrkir húðina. Kremið er olíulaust og hentar öllum húðgerðum.

Þú átt eftir að elska þær breytingar sem þú sérð á húðinni.



GUERLAIN NOIR G MASKARI

Maskarinn er í fallegum umbúðum sem má nota aftur og aftur. Burstinn er þéttur og auðveldur í notkun og spegill fylgir með. Litarefnið sem er í maskaranum er það hreinasta sem unnið er með í dag. Áferðin er djúp og glansandi. Formúlan sem er án Parabena, þykkir svo um munar, lengir og brettir. Augnumgjörðin verður áberandi og tindrandi.



Helena Rubinstein fæddist á jóladag, árið 1872 í Póllandi. Hún var mikill frumkvöðull með ferskar byltingarkenndar hugmyndir. Hún opnaði fyrstu snyrtistofuna í Ástralíu árið 1902, í London árið 1908, í París árið 1912 og í Ameríku árið 1918.

Ímynd merkisins er LÚXUS og eins og slagorðið segir: „Húdsnyrtivörur á mörkum læknávisinda“. Hjá fyrirtækinu starfa margir vísindamenn og rannsóknarstofur á sviði húdsnyrtivara hjá Helena Rubinstein eru með þeim öflugustu.



HELENA RUBINSTEIN RE-PLASTY AGE RECOVERY

Þú sérð samstundis sjáanlegan árangur. Sefuð, nærð og slétt húð. Dag eftir dag, lagfærast öll dýpri merki öldrunar og húðin endurnýjast. Nótt eftir nótt lagfærast skemmdir í húð og önnur húðlými.



HELENA RUBINSTEIN RE-PLASTY LASERIST

Þetta öfluga serum sem er eftirlíking af lasertækni vinnur á þremur merkjum litabreytinga sem myndast með aldrinum. Það dregur úr dökkum blettum, roða og húðlýtum. Það jafnar húðlitinn fyrir ungleg ljómaáhrif.



BIO-PERFORMANCE Advanced Super Revitalizing Cream **NYTT**



Bio-Performance

Hávisindaleg kremlína frá Shiseido sem vinnur með þróaðri líftækni til að ná hámarksárangri og gæðum.

Bio-Performance færir húðinni æskuljóma fulla af þrótti og gefur þér öruggt forskot gegn ótímabærri öldrun húðarinnar.



Super Eye-Contour Cream

Fjölvirkt augnkrem sem er gott að nota bæði á kvöldin og á morgnana.

Það minnkar bæði brúna og bláa bauga í kringum augun, minnkar og fyrirbyggir finar línur og fyrstu hrukkur, gefur hámarks raka og varðveitir hann í húðinni.



Super Corrective Serum

Alhliða viðgerðar serum sem má nota með öllum kremum. Það vekur húðina frá værum þyrnirósar blundi. Með öðrum orðum; þá vinnur Bio-Regenisist formúlan að því að virkja náttúrulegt EGF (prótein sem er kallað frumuvaki) húðarinnar.

Serumið vinnur á öllum þáttum öldrunar í öllum húðlögum. Best er að nota serumið á hreina húðina undir dag- og næturkrem.



Super Restoring Cream

Ríkulegt krem fullt af raka og næringu fyrir þroskaða húð. Kremið lyftir og þéttir húðinni bæði innanfrá og á yfirborðinu og dregur úr hrukkum sem um munar. Þetta frábæra krem má nota bæði kvölds og morgna þegar búið er að hreinsa og bera rakavatn á húðina.

SHISEIDO

Leystu gátuna um varðveislu unglegs útlits

Meira þarf til en bara að berjast við línur



Ný uppgötvun

Rétt eins og yfirborð fagurlega skorins demants segir til um hversu skínandi hann verður, ákvarða hinir örsmáu þríhyrndu fletir á yfirborði húðarinnar hversu unleg og ljómandi hún er. Nýjasta uppgötvun Shiseido er byltingarkennd lausn í baráttunni við ótímabæra öldrun, með því að halda þríhyrningsflötum húðarinnar stinnum og teygjanlegum, þannig að fyrstu merkin, t.d. finar línur, dofna og eru vart sjáanlegar.

Framúrstefnu líftækni

Bio-Revitalizing Complex* er eingöngu framleitt af Shiseido. Það eflir húðtrefjarnar**, gefur þeim styrk til að endurvekja slaka þríhyrningsfleti og kemur þeim í æskilegt horf. Um leið og hver flöturinn af öðrum endurnýjast lifnar allt yfirborð húðarinnar við á ný.


* Einkaleyfi - ** Prófað á rannsóknarstofu

Fjórar mest seldu snyrtivörurnar í Fríhöfninni frá Sif Cosmetics

Starfsfólk Sif Cosmetics hefur heldur betur staðið í ströngu undanfarna mánuði. Eftir frábærar viðtökur við EGF húðdropunum™ sem komu á markað í maí 2010, bættist dagkrem í vörulínuna í september á síðasta ári. Viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum og fyrsta framleiðslan af kreminu seldist upp á örfáum dögum. Á tímabili fyrir síðustu jól komu fjórar mest seldu vörurnar í Fríhöfninni allar frá Sif Cosmetics. Þetta voru húðdroparnir í 15 og 5 ml flöskum, dagkreminið og gjafataska með húðdropum og dagkreminu. Það er einstakt að íslensk snyrtivara nái því líkum árangri á markaði.

Útflutningur á EGF húðdropunum hófst í byrjun árs 2011 og viðtökurnar erlendis hafa verið mjög góðar. Þeir fást nú í mörgum virtustu snyrtivöruverslunum Evrópu, m.a. í Colette í París sem er

þekkt fyrir að vera með fingurinn á púlsinum þegar kemur að spennandi nýjungum í heimi tísku og hönnunar. Húðdroparnir hafa líka hlotið einróma lof blaðamanna, tískubloggara og annarra sem fylgjast með því nýjasta sem er að gerast á snyrtivörumarkaðnum. Vogue í Þýskalandi útnefndi húðdropana m.a. eina af tveimur mest spennandi nýju húðvörunum árið 2011.



Dr. Ronald Moy, formaður Bandarísku húðlæknasamtakanna hefur prófað þá á sínum sjúklingum og kvaðst í viðtali við Stöð 2 ekki hafa séð annan eins árangur á þrjátíu ára ferli.

Húðvörurnar frá Sif Cosmetics eru þróaðar á grunni vísindarannsókna á líffræði húðarinnar. Mikilvægasta



innihaldsefnið er EGF frumuvakinn sem stuðlar að endurnýjun húðfrumna. Rita Levi-Montalcini og Stanley Cohen hlutu Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1986 fyrir uppgötvun á EGF frumuvakanum og hlutverki hans.

EGF frumuvakinn sem notaður er í EGF húðdropana er framleiddur í erfðabreyttu byggi af ORF Líftækni í hátæknigróðurhúsi fyrirtækisins í Grindavík. Að baki þeirri framleiðslu liggja tíu ára rannsóknir og þróun, enda er fyrirtækið í fremstu röð í heiminum í framleiðslu frumuvaka í plöntum.

EGF vörurnar veita heilbrigðara og frískara útlit, eru rakagefandi og græðandi og sporna gegn öldrun húðarinnar. Þær henta öllum húðgerðum og eru sérstaklega góðar fyrir þurra og viðkvæma húð.



Ný og spennandi ilmvötn handa henni



CALVIN KLEIN SHEER BEAUTY

Calvin Klein Sheer Beauty ber ferskan, blómlegan og ávaxtaríkan ilm, með blöndu af safaríkum ferskjum, liljum og moskusilmefni. Hér fær náttúruvegurðin að sýna sig í allri sinni dýrð án kænskubragða og heillar og töfrar augnablikið.



CHLOÉ L'EAU DE CHLOÉ

L'Eau de Chloé er úr 20% náttúrulegu rósavatni, það gerir ilminn einstakan. Ferskur - Viðkvæmur - Kvenlegur



ROBERTO CAVALLI

Roberto Cavalli er blómailmur sem hægt er að ánetjast. Ilmurinn laðar að sér athygli, augu allra beinast að konunni með ilmvatnið.



révolution
YVES SAINT LAURENT

ROUGE PUR COUTURE **VERNIS À LÈVRES**
GLOSS? STAIN? LIPSTICK?
STOP COMPROMISING AND HAVE IT ALL.



YVES SAINT LAURENT MASCARA VOLUME EFFET FAUX CILS SHOCKING

Ótrúlegur þéttleiki fyrir þykkari
augnhár. Fljótvirkur árangur.
5 svartir litir.

Byltingarkenndur bursti með einstakri
formúlu fyrir ótrúlegan þéttleika með
aðeins einni stroku.



YVES SAINT LAURENT EYELINER EFFET FAUX CILS SHOCKING

Blautur eyeliner sem er auðveldur og
nákvæmur í notkun. Endingargóður og
vatnsheldur.



YVES SAINT LAURENT EYELINER EFFET FAUX CILS

Kremaður vatnsheldur eyeliner sem er
smitfrír og endingargóður. 5 svartir
litir.

LANCÔME GÉNIFIQUE ÆSKUVAKI

Lancôme uppgötvar fyrstu húðsnýrtivöruna sem
endurvekur virkni gena ungrar húðar.
Uppspretta æsku húðarinnar, genin þín.

Genin koma skilaboðum áleiðis um myndun
sérstakra próteina sem finna má á yfirborði
húðarinnar. Þessi prótein eru auðkenni ungrar
húðar. Með aldrinum fækkar þeim.

Með allar konur í huga hefur Lancôme umbylt
ásýnd húðsnýrtivara með fyrsta æskuvakanum
(Youth Activator) **GÉNIFIQUE**.
Endurvektu starfsemi genanna og örvaðu myndun
æsku-próteina.
Húðin verður sjáanlega unglegri á aðeins
7 dögum.

Sérhver dropi er fullur af lífi. Húðin geislar
af æsku, það er sem hún lyftist innan frá –
bókstaflega hrífandi.
Húðin öðlast aftur eiginleika ungrar húðar
og verður dúnmjúk og sem silki viðkomu.
Húðliturinn er ótrúlega jafn og áferð húðarinnar
miklu fallegri og jafnari.

Árangurinn varð svo öflugur að 200 konur voru
fullkomlega sannfærðar.



LANCÔME HYPNÔSE ÔNYX

KLÆÐSKERASAUMAÐUR ÁRANGUR
HYPNÔSE maskarinn gerir augnhárin
gróf, þétt og falleg. Burstinn aðskilur
þau fullkomlega og augnhárin verða allt
að sexföld.

B5 vítamín ver og byggir augnhárin upp.

Töfrandi útlit !



CLINIQUE MOISTURE SURGE INTENSE SKIN FORTIFYING HYDRATOR

Öflugt og styrkjandi rakakrem
Ef þér finnst húðin alltaf þarfnast
meiri raka, ef veturinn er vandræðatími,
prófaðu þá nýja Moisture Surge
Intense rakakremið.

Þú finnur muninn. Húðin helst þægilega
þétt og rakafyllt, jafnvel sólarhring eftir
notkun. Kremið styrkir húðina og eykur
þanþol hennar og veitir góða vörn gegn
umhverfisáhrifum.

Þess vegna köllum við kremið
Skin Fortifying Hydrator,
styrkjandi rakakrem.



Nýja vor- og sumarlínan frá OROBLU
er komin til sölu hjá okkur í Fríhöfninni.
Flottar og frísklegar sokkabuxur fyrir
sumarið, bjartir og skemmtilegir litir.
Hún er stórglæsileg að vanda þar sem
sérhver kona finnur sínar uppáhalds
sokkabuxur, leggings, hnésokka,
stuttsokka og táttiljur.



VICTORIA'S SECRET

BEAUTY & ACCESSORIES



COSMETIC CASE COLLECTION

Signature Trio Set, þrjár töskur saman.
 Small Cosmetic Case, frábært fyrir ferðalagið.
 Pencil Bag, snyrtibudda fyrir "must have" snyrtivörur.
 Medium Train Case, veski með spegli á fæti.



VICTORIA'S SECRET ANGEL



VICTORIA'S SECRET BOMBSHELL

SMALL LEATHER GOODS

Veski í nokkrum stærðum og frábært hulstur fyrir vegabréfið í ekta kálfaleðri.



TRAVEL & BUSINESS

Frábært úrval af töskum fyrir ferðalagið.



BAGS & TOTES

Konu- og Valentínusardagur

Það vill svo til að okkar hefðbundni íslenski konudagur og hinn alþjóðlegi dagur elskenda, Valentínusardagur, eru báðir í febrúarmánuði. Við Íslendingar berum blendnar tilfinningar til Valentínusardagsins þar sem við eigum sambærilegan dag og erum yfirhöfuð nokkuð trygg okkar uppruna og erum stolt af honum. En það er gaman að fjalla um þá báða þar sem tilgangur daganna er að gleðja ástina sína. Það er gert á margvíslegan hátt og mismikið í það lagt.

Hver er uppruni konudagsins?

Á vísinda vef HÍ kemur fram að orðið konudagur hefur verið notað allt frá því um miðja 19. öld um fyrsta dag góumánaðar. Góa er næstsíðasti vetrarmánuður samkvæmt hinu forníslenska tímatali og má finna þetta nafn í elstu handritum eða allt frá því um 1200. Talið er að menn í heiðnum sið hafi haldið smáveislu í upphafi hinna gömlu vetrarmánaða. Þetta breytist við kristnitökuna en virðist hafa haldist við sums staðar í heimahúsum. Sagt er að bændur eigi að bjóða góu velkomna

eins og húsfreyjur bjóði þorra. Um 1900 er konudagur orðið þekkt orð um allt land og árið 1927 hlýtur það opinbera viðurkenningu þar sem dagurinn var skráður í Almanak Þjóðvinafélagsins. Á fjórða áratug síðustu aldar tóku kaupmenn að auglýsa sérstakan mat fyrir konudaginn og í framhaldi af því voru kvöldskemmtanir auglýstar í tilefni dagsins. Um miðjan sjötta áratug síðustu aldar byrjuðu svo blómasalar að auglýsa konudagsblóm og hefur sá siður fests í sessi hjá þjóðinni. Í framhaldi af því hafa kaupmenn auglýst vörur fyrir konur í þeim tilgangi að hvetja herra menn til að kaupa eitthvað fallegt handa sinni heittelskuðu. Konudagurinn er einn af hinum þjóðlegu tyllidögum í dag og ber ávallt upp á sunnudag.

Hver er uppruni Valentínusardagsins?

Saga Valentínusardagsins er heldur rómantískari en saga konudagsins, en þessi dagur á sér einnig langa sögu. Valentínusardagur eins og við þekkjum hann í dag á rætur að rekja til kristinnar trúar og Rómar til forna. Ein goðsögn hermir að presti sem hét Valentínus og þjónaði til altaris á þriðju öld í Róm, hafi brugðist Kládíusi keisara. Keisarinn Kládíus ákvað á þessum tíma að einhleypir karlmenn væru betri og öflugri hermenn en giftir karlmenn. Kládíus bannaði því

hermönnum að ganga í hjónaband til að koma í veg fyrir að þeir yfirgæfu herinn. Valentínusi fannst óeðlilegt að banna ungum hermönnum að giftast sinni heittelskuðu konu og framkvæmdi hann því hjónavígslur í óþökk keisarans. Þegar keisarinn komst að þessu fyrirskipaði hann aftöku Valentínusar. Sagan hermir að Valentínus hafi sent fyrsta Valentínusarkortið sjálfur þar sem hann sat í fangelsi og beið aftökunnar. Kortið sendi hann dóttur böðulsins sem heimsótti hann daglega í

fangelsið. Valentínusardagurinn sem er dagur elskenda ber upp á aftökudegi heilags Valentínusar. Haldið er upp á hann um allan heim með ástarjátningum, súkkulaði og blómum. Það er ríkt í íslenskri menningu að þykja vænt um uppruna okkar, sögu og tungu. Við erum sannkallaðir víkingar sem kalla ekki allt ömmu sína. Við höfum samt sem áður mildast frá víkingatímum og gefum okkur meira í rómantíkuna og samverustundir en áður. Höldum því áfram og hlúum að samböndum okkar.



True Viking er íslenskur rakspíri og herrailmur. Ilmurinn er í sérstökum umbúðum sem svipar til drykkjarhorns víkinga. Varan var hönnuð af Hallvarði Aspelund sem einnig valdi ilminn. Bæði ilmurinn og hönnun umbúðanna hafa vakið mikla athygli. True Viking fæst eingöngu í úðaformi. Ilmurinn er óvenjulega samsettur og býr yfir miklum krafti. Hann er blandaður sítrónu, -krydd- og viðarkeim sem undirstrikar karlmannlega eiginleika mannsins. True Viking er karlmannlegur ilmur sem á afar vel við sanna og hugrakka karlmenn með mikla ævintýraþrá. True Viking er fánlegur í Fríhöfninni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.



FYRIR ÞÁ SEM ÞORA



Ný og spennandi ilmvötn handa honum

CK ONE SUMMER

CK One sumarilmirnar eru mest seldu sumarilmirnir í heimi. Fyrir herra og dömur. Ilmurinn í ár er svalur, frískandi og skemmtilegur



CALVIN KLEIN
CKFREE BLUE



JEAN PAUL GAULTIER
KOKORICO



BOSS BOTTLED SPORT



L'EAU D'ISSEY
POUR HOMME SPORT

Villimey



VARA GALDUR

Einstaklega mýkjandi, græðandi og verndar varir.



SÁRA GALDUR

Magnaður á öll sár, bruna og gyllinæð.



BUMBU GALDUR

Töfrandi vörn gegn sliti, á strekktu húð barnshafandi kvenna.



UNGA GALDUR

Yndislega róandi, mýkjandi og styrkjandi nuddolía fyrir börn.



VÖÐVA OG LIÐA GALDUR

Göldróttur á allar bólgur og verki í vöðvum og liðum.



HÚÐ GALDUR

Máttugur á hvers kyns húðútbrot og kláða.



BOSSA GALDUR

Kraftaverk á bleijubruna, græðir, verndar og róar.



Aðeins það besta fyrir barnið þitt

Unga Galdur

hefur reynst sérlega góð nuddolía fyrir ungabörn. Hún inniheldur sérvaldar jurtir sem hafa róandi, mýkjandi og styrkjandi áhrif á viðkvæm ungabörn, m.a. kamillu og arfa, sem grasalæknar til forna blönduðu saman til að nota gegn bólgu, magakrampa og óróa hjá börnum. Rík af fjölmætтуðum fitusýrum.

Bossa Galdur

hefur reynst vel á útbrot og bleijubruna. Fyrr á tímum þótti það nálgast galdra þegar ýmsum lækningajurtum, m.a. morgunfrú og haugarfa, var blandað saman í smyrsl og húðkvillar ungbarna hurfu eftir að það hafði verið borið á. Gott smyrsl á sár, sviða, útbrot og bleijubruna. Verndar gegn raka og bakteríum og róar húðina.

Bumbu Galdur

hefur reynst vel sem smyrsl á strekktu húð á kvíð barnshafandi kvenna og vinnur gegn sliti. Bumbugaldur inniheldur auk þess mikið magn af ómega-3 og E-vítamini. Gott smyrsl fyrir þurra húð, á strekktu húð barnshafandi kvenna og vinnur gegn sliti. Einnig gott á andlit og líkama.

Smýrslin frá Villimey eru unnin úr íslenskum jurtum sem eru handtindar í hreinni náttúru Vestfirða þegar vörin þeirra er hvað mest.

Smýrslin eru náttúruleg og lífræn, án allra rotarna-, ilm- og litarefna og eru með 100% lífræna vottun frá Vottunarsíðunni Tóni.

Fast í heilauverslunum og opóteikum.



VILLIMEY

Lífrænt vottuð smyrsl, úr villtum íslenskum jurtum.



TIGI HÁRVÖRUR GERÐAR AF HÁRFAGMÖNNUM FYRIR ÞIG!

TIGI er heimsfrægt hárvörumerki í stöðugri hönnun og þróun og er eitt af leiðandi hárvöru- og tiskufyrirtækjum í heiminum.

Bed Head línan er þekktust og skartar litríkum brúsum ásamt glæsilegu vöruúrvali og skemmtilegum nöfnum eins og Masterpiece - Spoil Me - Manipulator og Dumb Blond. Línan er þekkt fyrir styrkleika í mótunarefnum og þar geta allir fundið einhvað við sitt hæfi allt frá því að vera með vörur fyrir fíngert - normal hár eins og Totally Baked & Superstar Queen For

A Day frá sléttunarefnum eins og After Party, Glaze Haze Serum og mörgu fleiru. Það sem margir vita ekki er að Bed Head skartar frábærri herralínu B For Men sem er einstaklega töff og hentar breiðum hópi. Í henni má finna sjampó, næringu og mótunarefni.

Bed Head sjampó og næring inniheldur breitt úrval allt frá viðgerðarefnum, volume og fyrir krullað hár ásamt öllu þar á milli.

Urban Anti + Dotes hefur verið gífurlega vinsæl og það hefur ríkt hálfgerert Urban æði þar sem sjampóið og næringin styrkir og lagar efnameðhöndlað hár. Volume línan, sléttunar- og krullulínan nýtur líka stöðugra vinsælda.



Fjölmarginir nýir viðskiptavinir hafa undanfarnar vikur kynnst BED HEAD vörunum í fyrsta skipti í Fríhöfninni. Við erum mjög ánægð með að Fríhöfnin hafi ákveðið að taka BED HEAD inn í sitt glæsilega vöruúrval og erum viss um að sú kynning sem þar á sér stað sé flott fyrir glæsilegt merki. Fyrir utan Fríhöfnina verður BED HEAD eingöngu selt hjá fagmönnum eins og áður og útsölastaði má finna á www.tigi.is



BED HEAD AFTER PARTY

Þetta er efnið sem allir þekkjast & það sem stimplar BED HEAD. HÍTKALEGA VINSÆLT & MARGVERÐLAUNÐ EFNI SEM GERIR ANSI MARGT. ÞÓ AÐALEGA AÐ SKILJA HÁNIÐ EFTIR SILKIMJÚKT & GLÆSANDI, FLÝTIR FYRIR ÞUTKUN Á HÁRINU, SETUR HEILBRIGÐAN & FALLEGAN GLANS, INNIHELDUR ÖLUR SEM GERIR HÁNIÐ MJÚKT & MÖÐFÆRILEGT, FRÁBBÆT Í ALLT HÁR TIL AÐ LEYSA FLÓKA, SETT Í BLÁUTT Eða ÞUTT.

TÖFF EFNI!

WWW.TIGI.IS

Útsölastaði má finna á vefsíðunni www.tigi.is eða á netfanginu tigi@tigi.is

Spíral

Spíral Design er íslensk hönnun. Fatnaðurinn er hannaður og saumaður á Íslandi. Hönnunin er sótt í umhverfið, fólkið og líðandi stund hverju sinni, tímalaus og þægilegur fatnaður hugsaður fyrir konur á öllum aldri.

BLÖÐRUKJÓLL



BOLAKJÓLL

Flottur og þægilegur



PEYSUKJÓLL

Hlýr og léttur peysukjól úr ullarflís með eða án leðri



PÍFUKJÓLL

Flottur sem hentar við flest tækifæri



Gyðja Collection

Gyðja Colletion er íslensk hágæða hönnun. Drifkraftur og hugmyndir endurspeglar íslenska náttúru.



ANÍTA

Hælaskór unnir úr íslensku laxaroði, skreyttir með Swarovski kristöllum.



SIF

Stígvél úr kálfaleðri með ökklabandi úr íslenskum hlýra.

Veski úr kálfaleðri og laxaroði. Skreytt með Swarovski kristöllum.



Mýr Design

„Íslensk, nútímaleg og þægileg hönnun eru aðalsmerki Mýr design,” segir Helga Steinþórsdóttir hönnuður og eigandi Mýr design. Helga byrjaði að selja hönnun sína í Duty Free Fashion í október, 2011. Hún segir að viðtökurnar hafa verið mjög góðar og að mikil eftirspurn sé eftir vörunum. Helga hannar m.a. fatnað, veski og skart. Auk þess að selja í Duty Free Fashion, er hönnun Helgu einnig seld í Kraum, Atelier Einfach hönnunarstúdíói í Linz sem þær systur Helga og Linda reka saman. Þær selja þær vörur Helgu og myndlist eftir Lindu.

Í vetur hefur Mýr Design fengið tvo styrki vegna markaðssetningar og útflutnings á hönnun fyrirtækisins og þegar hafa verið haldnar tvær vel heppnaðar tískusýningar erlendis.

Helga Steinþórsdóttir lærði fatahönnun og fatasaum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hún var til fjölda ára

sjálfstætt starfandi. Hún hefur sýnt hönnun sína á sýningum í Austurríki, Lúxemborg og í Þýskalandi. Helga hefur í nokkur ár verið með sýningu á Flug Hóteli á Ljósanótt í Reykjanesbæ og hún var með sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur ásamt Lindu systur sinni í júní, 2010.



Nánari upplýsingar um hönnun Mýr Design er hægt að nálgast á:

www.myrdesign.net
www.facebook.com/AtelierEinfach
twitter.com/#!/myrDesign1




Á undurfögrum vetrardegi var nýja lína Mýr design mynduð við Suðurstrandarveg.

Nýja línan er hugsuð út frá hraustleika og harðgerðum íslenskum konum.

Fyrir þær konur sem eru sjálfstæðar og standa af sér vetrarhörkuna hefur Mýr design hannað stuttbuxur sem fást í tveimur síddum.

Helstu efni sem Mýr notar, eru flauel, taft og gerviskinn.



BESTI HEFÐBUNDNI LAGER BJÓRINN!

Síðasta haust var Egils Gull valinn besti hefðbundni lagerbjórinn í heimi í hinni árlegu keppni World Beer Awards. Alls var keppt í meira en þrjátíu flokkum og valið stóð á milli ríflega fimm hundruð tegunda sem fjöldi dómara frá öllum heimshornum smakkaði.

Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari Ölgerðarinnar er að vonum himinlifandi með árangurinn enda er World Beer Awards alvöru keppni. „Það eru haldnir nokkurs konar milliriðlar í þremur heimsálfum, Evrópu, Bandaríkjunum og í Asíu og valinn er einn bjór í hverjum flokki frá hverjum stað, og einn af þeim hreppir svo titilinn. Því má segja að við höfum orðið Evrópumeistarar áður en við urðum heimsmeistarar“, segir Guðmundur stoltur.



Guðmundur Mar Magnússon, einn af bruggmeisturum Ölgerðarinnar



„WORLD'S BEST STANDARD LAGER“

Í umsögn dómnefndar segir að Egils Gull sameini mikilvægustu þættina í fari lagerbjóra: Tæra gullna áferð, léttristað malt í nefi, angan af korni og ferskt bragð af humlum með sítruskeimi auk hæfilegrar beiskju í eftirbragði.



Heilsuréttir

SATAY KJÚKLINGUR

Fyrir 4

800 g úrbeinuð kjúklingalæri
6 hvítlauksrif, pressuð
1 ferskur rauður chili, fræhreinsaður og smátt saxaður
hýði af 4 límónum
4 límónulauf
2 stönglar sítrónugras
1 dl góð hitapólin olía
1 dl tamarisósa

SATAYSÓSA

1 dl hnetusmjör
10 g ferskur engifer, smátt saxaður
safí úr 1 límónu
2 msk. agavesýróp
1 msk. tamarisósa
2 hvítlauksrif
1 tsk. fínt saxaður ferskur chili
¼ tsk. himalayasalt
¼ búnt ferskar kryddjurtir, blanda af kóríander og mintu
¾ dl appelsínusafi
2 límónulauf

Setjið allt í blandara og blandið þar til allt er orðið silkimjúkt.

KJÚKLINGURINN:

1. Hvítlaukur, chili, límónuhýði, límónulauf, sítrónugras, olía og tamarisósa er sett í matvinnsluvél og maukað saman.
2. Nuddið kjúklingalærunum upp úr kryddleginum og látið liggja í um 2 klst., best er þó að setja í kryddlöginn kvöldinu áður og leyfa að liggja í honum í kæli þar til næsta kvöld. Þá verður kjúklingurinn ómótstæðilegur.
3. Setið í eldfast mót og inn í heitan ofn og bakið við 200°C í 10 mín., snúið kjúklingnum og haldið áfram að baka í aðrar 5 mín. Takið kjúklinginn út, hellið soðinu af og blandið því saman við sataysósuna, hellið þessu svo yfir kjúklinginn aftur og haldið áfram að baka í 5 mín. í viðbót.

Þessi uppskrift er frá
Sólveigu Eiríksdóttur

Sælureitur

Margir huga að heilsunni og eru duglegir að borða hollan og góðan mat. Að þessu sinni fengum við uppskriftir frá tveimur konum sem bera sama nafnið, þær heita Sólveig Þorsteinsdóttir starfsmaður hjá Isavia og Sólveig Eiríksdóttir sem rekur veitingastaðinn Gló.

PECANKAKA

6 eggjahvítur
150-200 g döðlumauk (2 dl döðlur + ½ - 2/3 dl soðið vatn. Maukað saman)
80 g hakkaðar möndlur, hálf mixa
100 g döðlur, skera smátt

140 g pecanhnetur, ristaðar í ofni við 150°C í 6-8 mín.

KREM:

60 g púðursykur
1 msk. vatn
½ dl rjómi

Stífþeytið eggjahvítur. ¼ eggjahvítur blandað saman við döðlumaukið, möndlur og döðlur. Svo er þessu blandað varlega saman við það sem eftir er af eggjahvítum. Sett í smurt 26cm form. Bakað við 150°C í 25-30 mín. Kælt lítillega.

Hnetum raðað á botn.

KREM:

Sykur og vatn látið bullsjóða í potti, rjóma bætt út í og látið malla við lágan hita þar til farið að þykkna. Kælt aðeins og hellt yfir köku. Borið fram með rjóma

Þessi uppskrift er frá
Sólveigu Þorsteinsdóttur

VÍN SEM FRÍHÖFNIN MÆLIR MEÐ:

HUGEL GEWÜRZTRAMINER

Passar vel með Satay kjúklingnum. Fölgrænt, bjart og tært, angar af blómum, rósum, passion ávexti, ananas og austurlensku kryddi. Í bragði er það flauelsmjúkt með keim af sætum þroskuðum ávexti og aðeins krydduðum tón.



PUJOL RIVESALTES GRENAT

Passar vel með Pecankökunni. Pujol er bragðsætt vín sem hentar vel með eftirréttum. Svipar til portvína.





AMARULA - SAGA SEM BRAGÐ ER AF

Marula?

Það er til einstakur sítrusárvæxtur sem heitir Marula og hann er uppistaðan í rjómalíkjörnum Amarula. Árvæxturinn er C-vítamínríkari og inniheldur meira próteín en aðrir sítrusárvæxtir og því ekki nema von að

hann sé í uppáhaldi hjá fílunum tignarlegu á sléttum Afríku. Marula-trén ganga oft undir gælunafninu Filatrén og því er fíllinn tákn Amarula á flöskumiðunum. Marula-trén vaxa villt og þau er einungis að finna í Afríku sunnan miðbaugs þar sem er hlýtt allan ársins hring.



Úr árvæxtinum er framleitt vín sem síðan er eimað og sett á eikartunnur. Eftir tveggja ára geymslu í tunnunum er rjóma bætt saman við og úr verður silkimjúkur rjómalíkjör þar sem vanilla og framandi árvæxtir eru ríkjandi og eftirbragðið langt og gott.

Amarula rjómalíkjörinn er mjög vinsæll á heimsvísu og hefur unnið til helstu verðlauna í alþjóðlegum vínkeppnum á undanförmum árum sem besti rjómalíkjörinn.

AMARULA SJÓÐURINN

Amarula hefur stofnað sérstakan sjóð sem hefur að markmiði að stuðla að bjartri og sjálfbærri framtíð í Afríku fyrir íbúa álfunnar, dýr hennar og náttúru. Sjóðurinn mun meðal annars styðja Amarula Elephant Research Project sem er rannsóknarverkefni sem hófst 2002. Það hefur að markmiði að auka þekkingu í þjóðgörðum Afríku og vernda fíla í þeirra náttúrulega umhverfi.

Þú getur kynnt þér málið nánar á www.amarulatrust.com, séð hvaða verkefni sjóðurinn styður og skilið eftir þitt eigið filaspör.



NÝVERIÐ HÓF FRÍHÖFNIN AÐ SELJA NÝJA OG AFAR SKEMMTILEGA ÚTGÁFU AF ÍSLENSKU BRENNIVÍNI.



Um er að ræða 50 cl flösku sem er innfelld í bók ásamt tveimur sérmerktum staupum sem fylgja.

Fyrsta útgáfa þessarar bókar nefnist „Iceland Survival Handbook“ og er myndskreyting í takt við árstíðina, ljósmynd af manni út í náttúrunni og snævi þakin jörð allt um kring. Næsta útgáfu verður svo ögn „hlýlegri“ enda þá komið sumar þegar hún verður boðin til sölu í verslunum Fríhafnarinnar. Sú bók nefnist „Learn Icelandic in Two Minutes!“. Bókarkápan sýnir þá torfbæ þar sem þökin eru fagurgræn líkt og

tíðkast að sumarlagi. Þessar sérstöku útgáfur af íslensku Brennivíni eru samstarfsverkefni Fríhafnarinnar og Ölgerðarinnar og henta einstaklega vel til gjafa. Íslenska Brennivín hefur ætíð verið ein söluhæsta áfengistegundin í verslunum Fríhafnarinnar og nýtur sérstakra vinsælda meðal erlendra ferðamanna.

Rétt er að nefna að upplag hvernar útgáfu er takmarkað og verður því smám saman um skemmtilegan safngrip að ræða.

Viðtal við Andra Þór Guðmundsson

FORSTJÓRA

ÖLGERÐARINNAR

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar er í Vogarmerkinu, fæddur árið 1966 í Fossvoginum í Reykjavík. Hann gekk í Fossvogsskóla, Snælandsskóla og svo lá leiðin í Verzlunarskóla Íslands. Eins og svo margir úr Verzló, fór hann viðskiptafræðina í Háskóla Íslands. Þaðan lauk hann nám árið 1992 en fór svo til Hollands í MBA nám í Rotterdam School of Management. Andri útskrifaðist þaðan árið 2002.

En hvað kom til að Andri fór í rötgróið framleiðslufyrirtæki eins og Ölgerðina?

Eftir útskrift frá Hollandi hóf ég störf hjá Ölgerðinni, fyrst sem fjármálastjóri og sem forstjóri frá árinu 2004. Ég hef alltaf verið hugfanginn af framleiðslu og uppbyggingu vörumerkja. Ég hóf starfsferil minn við markaðssetningu kvikmynda og rekstur kvikmyndahúss og fór þaðan í bókaútgáfu og rekstur bókaklúbba. Ég starfaði hjá Lýsi í 5 ár áður en ég fór í framhaldsnámið.



Hvað starfa margir hjá Ölgerðinni og hvers konar fyrirtæki er það?

Hjá Ölgerðinni eru um 300 stöðugildi og hátt í 400 manns á launaskrá. Hjá Ölgerðinni er mjög sterk fyrirtækjamenning. Við eigum gildi sem hægt er að skammstafa sem já.hf. – Jákvæðni, Áreiðanleiki, Hagkvæmni og Framsækni. Hjá okkur er orkustigið í botni og við leggjum mikið upp úr árangri. Til að lifa af í harðri samkeppni þurfa hlutirnir að gerast fyrr og betur en hjá samkeppnisaðilunum.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir Ölgerðina að eiga vöru sem er heimsmeistari?

Við erum hrikalega stolt. Þetta eru engin smá verðlaun. Við kepptum við mörg hundruð bjóra í stærsta flokknum sem er standard lagerbjór. Þetta er staðfesting á því að við erum að gera frábæra hluti í bjórnum enda með framúrskarandi starfsmenn.

Eru einhver fyrirtæki eða einstaklingar sem skara fram úr í dag að þínu mati?

Það er mjög gaman að fylgjast með þróun ferðapjónustu á Íslandi. Þar eru mörg spennandi fyrirtæki að gera nýja og spennandi hluti.

Hvað gerir forstjórinn til að slaka á?

Ég fer á skíði á veturna og svo gönguferðir á fjöll. Mér finnst frábært að fara á Esjuna og gleyma mér í kappi við tímann.

Hvað ætlar þú að gera um páskana?

Hmmm – á alveg eftir að skipuleggja.

Hvernig sérðu árið fyrir þér, hvað er framundan, einhver markmið?

Ætla mér í krefjandi fjallgöngu á Íslandi í haust. Ekki seinna vænna en að koma sér í form fyrir það.

Áttu þér uppáhaldsfatahönnuð?

Uhhhh – nei

Notar þú einhverjar snyrtivörur?

Já, ég nota herralínuna frá L'Oreal. Frábærar vörur.

Hver er eftirlætis herrailmurinn?

Eins og er þá er það Armani Code, annars vil ég skipta reglulega og ekki festa mig í sama ilmi of lengi.

Verslar þú í Fríhöfninni þegar þú ferðast?

Já auðvitað. Kaupi mér oftast vín og bjór – já, jafnvel þótt ég vinni hjá fyrirtæki sem framleiðir vörurnar þá er ódýrara fyrir mig eins og aðra að versla í Fríhöfninni.



Nýtt og gómsætt sælgæti



NESTLÉ SWISS CARRÉS



NESTLÉ SWISS ROCKS



NESTLÉ SWISS ALPS



NÓA SÍRÍUS TROMP



LINDT LINDOR
HVÍTAR KULUR



M&M
PRETZEL



KSHOCHOLATE MILK CHOCOLATE
COVERED WHOLE ALMONDS



KSCHOCHOLATE MARC
DE CHAMPAGNE
TRUFFLES

Páskar, góðgæti handa páskasælkeranum



LINDT
GOLD BUNNY



NÓÍ SÍRÍUS
PÁSKAEGG NR. 5



NÓÍ SÍRÍUS
LAKKRÍSEGG



LINDT
LILIPUT LINDOR
EGGS



BONBON
FAIRIES EGG DISPENSER



BONBON
MARIO BROS EGG & MUG





Bestu molarnir frá Freyju

Hátíð

Fríhöfnin býður upp á frábært úrval af leikföngum fyrir allan aldur. Hér eru aðeins nokkur sýnishorn. Skoðið nánar úrvalið inn á heimasíðunni og munið þið getið pantað af heimasíðunni heima úr stofunni og sótt vörur bæði í brottfarar- og komuverslun.

TRUNKI
FERÐATASKA OG
LEIKFANG FYRIR BÖRNIN



STYLE ME UP!
PERLU HÚÐFLÚR



PLAYMOBIL
FUTURE PLANET



HELLO KITTY
HLAUPAHJÓL



TRANSFORMERS
BUMBLEBEE

MEGABLOKS
STRUMPA CARNIVAL



VALITOR

Lausnir á landsmæði

DUTYFREE FASHION

KEFLAVÍK INTERNATIONAL AIRPORT

Together we make things happen



Smelltu [hér](#) til að skrá þig
á póstlistann okkar